

Umsögn

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja

08. febrúar 2013

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014. Þskj. 582 - 458. mál.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja (sem fer með hlutverk barnaverndarnefndar) fagnar framkominni tillögu og telur mörg jákvæð atriði koma fram í áætluninni. Þar má nefna eftirfarandi atriði:

- Áherslu á fræðslu og samráð við starfsfólk og kjörna fulltrúa barnaaverndarnefnda og viðhald og eflingu þekkingar
- Fyrirhugaðar hugmyndir að bættri bráða- og heilbrigðissþjónustu á Stuðlum og deildarskiptingu, m.a. eftir mismunandi aðstæðum og þjónustuþörf barna
- Hugmyndum að nýrri meðferðarstofnun fyrir unglunga í alvarlegum vímuefna- og afbrotavanda
- Aukinni þjónustu við fósturforeldra, ekki síst hugmynd um að ráða sérfæðinga í hvern landsfjórðung sem hafi það hlutverk að styrkja fósturforeldra í störfum sínum með ráðgjöf og handleiðslu
- Tilraunaverkefni í samvinnu við barnaverndarnefndir um að bæta vinnulag við gerð áætlana þannig að börn og foreldrar verði virkir þátttakendur í því starfi
- Bætt verklag í vinnslu barnaverndarmála með innleiðingu kerfisbundinnar greiningar við könnun mála í barnavernd
- Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna

Þá teljum við einnig jákvæða hugmynd um innleiðingu PMT aðferðar á landsvísu og verður áhugavert að sjá frekari útfærslu á þessu og hvort að tekið verði (aukið) tillit til jaðarsvæða þegar meðferðarúrræði sem slík eru skipulögð.

Almennt séð viljum við áréttta mikilvægi þess að þjónusta og stefnumótun ríkisins taki mið af landfræðilegum aðstæðum barnaverndarnefnda um dreifðar byggðir landsins. Barnaverndarstarf er þess eðlis að það þarf að vinna að lausnum á staðnum og slæmt að þurfa að treysta á miðlæga þjónustuaðila þegar samgöngur og fjarlægðir eru með þeim hætti sem víða er um land.

Fyrir hönd Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja

Guðrún Jónsdóttir

yfirfélagsráðgjafi